

Stjórn Dansípróttafélags Íslands (DSÍ)

2. fundur stjórnar 2018-19 13. ágúst 19:00

Fundarmenn:

Anna Claessen, Hrannar Már Ásgeirsson, Ingibjörg Gunnarsdóttir, Jóhann Gunnar Arnarsson (fjarverandi), Kjartan Birgisson (fundarritari), Linda Heiðarsdóttir, Ólafur Már Hreinsson & Sandra Baldvinsdóttir

1. Samþykki á fundargerð

Síðasta fundargerð var ekki lögð fyrir fundinn. Ákveðið var að koma fundargerðunum sem fyrst á heimasíðu DSÍ. Anna mun setja fundargerðirnar á heimasíðu DSÍ þegar þær hafa verið samþykktar. Fundargerðir síðustu stjórnar eru ekki tilbúnar. Ritari DSÍ þarf að klára þær.

2. Næsti fundur

Næsti fundur var ákveðinn 20. ágúst klukkan 19:00

3. Pétur og Polina, verðlaunaafhending á mars móti DSÍ 2018

Á fundi stjórnar DSÍ 2017-2018, 16 apríl var ákveðið að veita Pétri og Polinu áminningu fyrir að mæta ekki á verðlaunaafhendinguna á mars mótinu án þess að láta keppnisstjóra vita og sýna þannig mótinu og öðrum keppendum lítilsvirðingu. Láðst hefur að senda Dansfélagi Reykjavíkur áminninguna og þarf það að senda það strax (Anna/Ólafur sjá um það). Ákveðið var að senda ábendingu á öll dansfélögin um að þau kynni sér siðareglur DSÍ og upplýsi keppendur og forráðamenn um þær.

4. Á dansþingi kom fram að það ætti eftir að svara tveimur bréfum frá Hvönn

Farið var yfir bréfin. Ólafur og Anna munu senda svarbréf til Hvannar.

5. Barnadansar.is og samfélagsmiðlar.

Linda sendi póst til allra félaga um kynningu á barnadansar.is. DSÍ mun birta auglýsingar á samfélagsmiðlum. Ekki verði eytt meira en 100þ krónur í auglýsingar. Framkvæmdarstjóri DSÍ verði með Instagram og Snapchat aðgang DSÍ.

6. Val í Ungir og efnilegir, ákveðið var á fundi stjórnar 2017/18 -3, 16. apríl að hafa valið eftirfarandi:

- Börn II 4 dansar, ballroom og latin – sæti 1-4
- Unglingar I 5 dansar, ballroom og latin – sæti 1-4
- Unglingar II 5 dansar, ballroom og latin – sæti 5-6

Sandra benti á að í afreksstefnu DSÍ 2018 er talað um 12-14 ára, Börn II eru frá 10-11 ára. Stjórnin mun biðja landsliðsnefndina að koma með tillögu um dagskrá fyrir unga og efnilega eftir áramótin. Ákveðið var að endurskoða fyrirkomulagið á valinu á næsta ári.

7. Landsliðsnefnd.

Handbók um landsliðið var ekki tekin fyrir á fundinum. Reglur um landsliðið voru ekki teknar fyrir. Tala við landsliðsnefndina um að skipuleggja tíma hjá öðrum kennurum. Það þarf að hafa svipaðan

Handwritten notes and signatures in the bottom right corner, including a signature that appears to be 'DMH' and some scribbles.

fjöldi tíma hjá ballroom og latin kennurum, en það hefur gengið illa að fá ballroom kennara til að vera nægilega lengi á Íslandi.

8. Bréf frá Evu

Ólafur mun svara bréfinu, með útskýringum á dreifingum á tímum hjá landsliðinu og ungum og efnilegum.

9. Næstu mót

DSÍ heldur 3 Íslandsmeistaramót 2019 og RIG 2019. Ríg 2019 verður 27. jan, 9.-10. febrúar, 16.-17. mars og 4-5 maí. Það er ekki búið að finna staðsetningu á þessum 3 mótum RIG 2019 verður í Laugardalshöll og svo hefur DSÍ fengið Laugardalshöll fyrir febrúar mótið. Anna mun setja tímasetningar á mótunum á heimasíðu DSÍ. Hrannar, Ingibjörg og Anna ætla hafa samband við nokkur íþróttahús og fá kostnað í leigu. Vegna fjárhagsstöðu þarf DSÍ að skera niður kostnað við mót. Ákveðið var að fella niður að félög fá 4 frí sæti við borð og inngöngumiða. Ásamt því að fella niður frímiða fyrir forseta DÍ. Ákveðið var að hafa 5 dómara á RIG og 7 dómara á hinum mótunum.

10. Kostnaður við heimasíðu og tölvupóst

Ákveðið var að flytja heimasíðu og tölvupóst frá Premis yfir til 1984.

Fleira var ekki tekið fyrir

Fundi slitið 23:30

Kjartan Birgisson

Ólafur M. Hrósson
Sandra Zwart
Ingibj. Gunnarsd.
Clive Olsson
Kjartan Birgisson
Linda Heiðarsd.